

Viðhorf foreldra á Akureyri til daggæslu

Könnun

Trausti Þorsteinsson
Guðmundur Engilbertsson



September 2010

Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður	3
Inngangur	4
Niðurstöður könnunar.....	5
Val á dagforeldri	5
Þjónusta dagforeldris	7
Upplýsingar af hálfu bæjarins.....	11
Dagforeldri – leikskóli.....	11
Samantekt	14

Myndir

Mynd 1: Upplýsingar um dagforeldra	5
Mynd 2: Ráðandi við val á dagforeldri.....	6
Mynd 3: Þjónustukaup af dagforeldri.....	6
Mynd 4: Þjónusta dagforeldris.	7
Mynd 5: Ánægjulegast við þjónustu dagforeldra.....	8
Mynd 6: Fjölbreytni og hollusta fæðis hjá dagforeldrum.....	9
Mynd 7: Forföll meðal dagforeldra ekki íþyngjandi.	10
Mynd 8: Eftirlit með störfum dagforeldra.....	10
Mynd 9: Afstaða foreldra til upplýsinga um dagforeldra á heimasíðu Akureyrar (N=124).....	11
Mynd 10: Mikilvægast við val á leikskóla.	12

Töflur

Tafla 1: Samanburður á ánægjuþáttum í könnunum 2009 og 2010.	8
Tafla 2: Svör foreldra um vistunartíma hjá dagforeldri.....	12

Helstu niðurstöður

- Foreldrum 171 barns var boðið að taka þátt í könnuninni. 124 svöruðu spurningalista eða 74,5%.
- Almennt segjast foreldrar ánægðir með þjónustu dagforeldris. Það sem sérstaka ánægju vekur meðal foreldra er framkoma dagforeldris, hvernig tekið er á móti barninu að morgni svo og samskipti dagforeldris við foreldra og upplýsingamiðlun.
- Mun algengara er nú að foreldrar sækja upplýsingar um dagforeldri til skóladeildar eða á vefsíðu Akureyrarbæjar en fram kom í sambærilegri könnun árið 2009. Rétt um helmingur foreldra segjast hafa sótt upplýsingar á þessa staði og flestir telja upplýsingarnar ítarlegar.
- Viðmót og persónuleiki dagforeldris virðist ráða mestu við val foreldra á daggæslu fyrir börn sín.
- Flestir foreldrar kanna hvort dagforeldri hafi gilt starfsleyfi, gera skriflegan samning og halda eftir afriti af honum.
- Foreldrar segja að dagforeldri leiðbeini sér og kynni reglur og samþykktir er lúta að daggæslu í heimahúsi. Fleiri foreldrar nú sækja þessar upplýsingar á heimasíðu Akureyrarbæjar en árið 2009.
- Nánast allir foreldrar er þátt tóku í könnuninni telja að líðan barns þess í daggæslu sé mjög góð og almennt virðast foreldrar vera ánægðir með það fæði sem börnunum stendur til boða.
- Þótt flestir foreldrar segist sammála þeirri fullyrðingu að forföll dagforeldris séu ekki íþyngjandi fyrir þá má lesa úr niðurstöðum að vandi getur skapast hjá foreldrum þessa vegna.
- Lítil hópur foreldra kvartar yfir vistunartíma hjá dagforeldrum og vill að hann sé samræmdur við opnunartíma leikskóla bæjarins.

Inngangur

Vorið 2010 ákvað skóladeild Akureyrar að lögð yrði könnun fyrir foreldra á Akureyri er nýttu sér þjónustu dagforeldra. Samkvæmt reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005 er starfsemi af þessu tagi leyfisskyld og bera sveitarfélög ábyrgð á því að höfð sé umsjón og eftirlit með starfsemi dagforeldra. Kannanir af þessu tagi hafa verið gerðar á vegum Akureyrarbæjar frá árinu 2003 og því að ákveðnu marki hægt að fylgjast með þróun viðhorfa meðal foreldra til daggæslu yngstu barnanna. Hafa niðurstöður verið nýttar m.a. til að auka og bæta upplýsingaflæði til foreldra um daggæslu barna á Akureyri.

Að þessi sinni var leitað til Miðstöðvar skólapróunar HA að annast fyrirlagningu og úrvinnslu úr spurningalista og önnuðust Guðmundur Engilbertsson og Trausti Þorsteinsson verkefnið fyrir hönd miðstöðvarinnar. Ákveðið var að spurningalistinn yrði vefrænn og hann gerður þannig úr garði að foreldrar gætu svarað beint á veraldarvefnum. Í spurningalista fólust fjórir meginþræðir, þ.e. hvernig foreldrar stóðu að því að velja dagforeldri og samskipti þeirra á milli, þjónusta af hálfu dagforeldris, upplýsingagjöf af hálfu bæjarins um daggæslu og afstaða fólks til þess að njóta þjónustu leikskóla eða dagforeldris. Auk þessa gátu foreldrar komið á framfæri skilaboðum í opnum svarmöguleika. Spurningar voru settar fram í formi fullyrðinga sem svarendur áttu að taka afstöðu til með gefnum svarkostum (sjá fylgiskjal).

Alls fengu foreldrar 171 barns boð um að svara listanum og var þeim send vefslóð að honum í tölvupósti. Könnunin var opin í maí mánuði 2010. 124 svör bárust eða frá 72,5% foreldrahópsins sem til var leitað sem er heldur lægra hlutfall en árið 2009. Litlar breytingar voru gerðar á spurningum í listanum frá könnun sem gerð var 2009 og því hægt um samanburð milli áranna. Varast ber þó að oftúlka mun á milli ára þar sem svarendur eru tiltölulega fáir og skekkjumöguleikar því miklir.

Í skýrslu þessari eru kynntar niðurstöður úr könnuninni. Flestar niðurstöðurnar eru settar fram á myndrænan hátt þar sem fram kemur hvernig svörun foreldra dreifðist á svarmöguleika sem gefnir voru í hverri spurningu.


Niðurstöður könnunar

Í þessum kafla er gerð grein fyrir niðurstöðum úr svörum við spurningum í spurningalista. Alls tóku 124 foreldrar þátt í könnuninni og eru hlutfallstölur allar reiknaðar út frá því. Niðurstöðunum er skipt niður í fjóra kafla í samræmi við áherslur í spurningalista.

Val á dagforeldri

Ekki er vitað með vissu hvaða leiðir foreldrar fara til að afla sér upplýsinga um dagforeldra, hvar þá er að finna og hvaða þjónustu þeir bjóða. Í könnuninni voru foreldrar spurðir hvernig þeir stóðu að vali á dagforeldri, hvar þeir hefðu fengið upplýsingar um dagforeldri, hvað þá skipti mestu máli við val á dagforeldri, hvaða mat þeir hefðu lagt á viðkomandi og loks um samninga við dagforeldri.


Spurt var um hvar þeir hefðu fengið upplýsingar um dagforeldri (Mynd 1).



Mynd 1: Upplýsingar um dagforeldra

Rúmlega 46% foreldra segjast hafa fengið upplýsingar frá Akureyrarbæ, ýmist af upplýsingavef bæjarins (37%) eða á skóladeild (9%). 14% þekkja til dagforeldra af reynslu frá eldri börnum en um 47% foreldra hafa aflað upplýsinga annars staðar frá. Mun hærra hlutfall foreldra virðist nú leita upplýsinga á upplýsingavef Akureyrar eða á skóladeild en árið 2009 en þá leituðu 28% þeirra er svöruðu sams konar spurningu eftir upplýsingum með þessum hætti.


Þeir þættir sem skipta foreldra mestu máli við val á dagforeldri virðast lúta að viðmóti og persónuleika dagforeldris svo og orðspori þeirra (Mynd 2).



Mynd 2: Ráðandi við val á dagforeldri.

76,6% foreldra segja viðmót og persónuleiki dagforeldris svo og orðspor ráða mestu máli við val á dagforeldri. Mun minna máli virðist skipta staðsetning dagforeldris eða vinnutími þess. 12,1% foreldra sögðu aðra þætti mestu máli skipta. Þeir sem merktu við þennan valmöguleika gátu í opnu svari gert nánar grein fyrir afstöðu sinni. Algengast var að þeir að þeir kusu annað því þeir vildu ekki gera upp á milli valkostanna í spurningunni, töldu þá alla skipta nokkru máli, einkum þó orðspor og viðmót.

Leitað var upplýsinga hjá foreldrum um það hvort þeir hefðu kannað hvort dagforeldri væri með gilt starfsleyfi, hvort gerður hafi verið samningur við dagforeldri við upphaf vistunar og hvort þeir hefðu fengið afrit af þeim samningi (Mynd 3)



Mynd 3: Þjónustukaup af dagforeldri.


Fram kemur að innan við tveir þriðju þeirra er svöruðu spurningalista kannaði hvort dagforeldri hefði gilt starfsleyfi og þá benda niðurstöður til að í langflestum tilfellum hafi foreldrar gert samning við

dagforeldri (84%) og flestir (81,5%) segjast halda eftir afriti af samningi. Þegar niðurstöður eru bornar saman við fyrri ár þá virðast foreldrar ekki leggja eins mikið nú upp úr gerð samnings eða að halda eftir samningi. Árið 2009 sögðust 95% foreldra hafa gert samning við dagforeldra og 90% hafa fengið afrit af dvalarsamningi.

Almennt virðast foreldrar hafa verið upplýstir um greiðslur vegna frídaga og veikindadaga þegar barn þeirra hóf vistun hjá dagforeldri (76%) þó nærrellt fjórðungur neitaði því að svo hefði verið (22,5%). Þá kváðu 75,8% foreldra er þátt tóku í könnuninni að dagforeldri barnsins þess hefði leiðbeint sér og kynnt sér reglur og samþykktir um daggæslu í heimahúsi. 13% kváðu þá ekki hafa gert það og 11% kvaðst hafa kynnt sér það annars staðar og vísuðu flestir í opnu svari til vefsíðu Akureyrarbæjar. Hér hefur breyting orðið á frá árinu 2009 en þá kváðu 85% foreldra að dagforeldrar hefðu veitt sér leiðbeiningar, og 4% hafa sótt þær annað.

Þjónusta dagforeldris


Ánægja virðist vera meðal foreldra með þjónustu dagforeldris (Mynd 4).



Mynd 4: Þjónusta dagforeldris.

95% foreldra er þátt tóku segjast mjög eða frekar ánægð með þjónustu dagforeldris barnsins síns. Ef bornar eru saman kannanir síðustu ára er ekki að sjá miklar breytingar á afstöðu foreldra en þó má greina að heldur virðast foreldrar vera gagnrýnni nú en fyrri ár.

Foreldrar voru beðnir um að greina frá hvað það væri sérstaklega sem þeir væru ánægðir með og voru gefnir upp 9 möguleikar. Gátu foreldrar merkt við alla þætti en auk þess gátu þeir tilgreint aðra þætti sem þeim fannst mikilvægir og ekki komu fram í svarmöguleikum. Aðeins eitt foreldri kaus að svara ekki þessari spurningu í listanum og urðu svörin því 123 (Mynd 5).



Mynd 5: Ánægjulegast við þjónustu dagforeldra.

Þeir þættir er hæst ber í ánægju foreldra eru framkoma dagforeldris og hvernig tekið er á móti barninu að morgni en 97 foreldrar af 123 nefna það (79%). Litlu lægra hlutfall foreldra nefnir svo samskipti við foreldra og upplýsingamiðlun (68%). Það sem foreldrar tóku fram undir liðnum annað laut fyrst og fremst að almennri ánægju með dagforeldri barnsins síns. Til dæmis eru setningar eins og:

Liðleika og áhugasemi dagforeldris. – Þetta allt til fyrirmyndar. – Hún er yndisleg í alla staði...eins og þriðja amma barna minna ;). – Dagforeldri er mjög lítið frá vinnu, t.d. vegna veikinda. Öryggi að dagforeldið starfar með öðru dagforeldri. – Hef ekki undan neinu að kvarta. Ánægð með allt. Barninu líður vel og þá er ég sátt :). – Hún er dugleg að fara út að labba með börnunum og á róló. – Finnst frábært að dagmamman er með vagna til að lána svo við þurfum ekkert að brasa með vagninn um helgar.


Ef þessi niðurstaða er borin saman við könnun frá 2009 kemur í ljós mjög svipað mynstur en þó eru ákveðin atriði frábrugðin afstöðu foreldra þá.

Tafla 1: Samanburður á ánægjubáttum í könnunum 2009 og 2010.

Þættir	2009	2010
Aðstaða inni	64%	59%
Aðstaða úti	60%	60%
Fæði	66%	63%
Dagskipulag	58%	59%
Staðsetning	52%	51%
Samskipti við foreldra/upplýsingamiðlun	65%	68%
Framkomu dagforeldris	86%	79%
Aðlögun barns	64%	59%
Hvernig tekið er á móti barninu að morgni	82%	79%
Annað	13%	22%

Þeir þættir sem helst munar á er aðstaða inni, framkoma dagforeldris og aðlögun barns og allir þrír þættirnir vekja minni ánægju meðal foreldra en í fyrri könnun. Hins vegar er eitthvað annað sem vekur meiri ánægju meðal foreldra nú en í könnuninni 2009.

Leitað var upplýsinga frá foreldrum um afstöðu til þess fæðis sem börnum þeirra stæði til boða hjá dagforeldrum (Mynd 6).




Mynd 6: Fjölbreytni og hollusta fæðis hjá dagforeldrum.

Yfir 86% foreldra er mjög eða frekar sammála því að dagforeldri bjóði barni þeirra upp á fjölbreytt og hollt fæði. Líðlega 11% tekur ekki afstöðu til fullyrðingarinnar og innan við 1% er henni ósammála. Niðurstaða nú er mjög hliðstæð niðurstöðu frá 2009.

Nánast allir foreldrar er þátt tóku í könnuninni telja að líðan barns þess í daggæslu sé mjög góð (85,5%) eða góð (12,9%). Aðeins tveir höfðu efasemdir, eitt foreldri taldi hana sæmilega og annað slæma. Svipaða sögu er að segja um afstöðu foreldra til fullyrðingarinnar að dagforeldrar leggi sig fram um að koma til móts við þarfir þeirra og væntingar. Langflestir foreldrar segja dagforeldrar leggi sig mjög mikið (74,2%) eða frekar mikið (20,2%) fram um að það og einungis 4,8% segir þá leggja sig mjög lítið fram um það. Eitt foreldri svaraði ekki spurningunni.

Forföll dagforeldra geta verið vandamál fyrir foreldra vegna atvinnu þeirra eða áforma. Þótt flestir foreldrar segist sammála þeirri fullyrðingu að forföll dagforeldris sé ekki íþyngjandi fyrir þá má lesa úr niðurstöðum að vandi getur skapast hjá foreldrum þessa vegna (Mynd 7).




Mynd 7: Forföll meðal dagforeldra ekki íþyngjandi.

Þrír fjórðu foreldrahópsins er svaraði segjast mjög (56,5%) eða frekar sammála (18,5%) því að forföll dagforeldris séu ekki íþyngjandi fyrir þá en tæpur fimmtungur er frekar (13,7%) eða mjög ósammála (4,8%) því að svo sé ekki. Niðurstöður nú eru mjög sambærilegar við könnun frá 2009, eini munurinn er fólgin í því að nú eru færri sem lýsa sig hlutlaus í afstöðunni til spurningarinnar en 5% fleiri segjast frekar ósammála spurningunni.

Spurðir um hvort foreldrar viti hvert þeir eigi að leita ef þeir hafi athugasemdir við þjónustu dagforeldris svara 92,7% þátttakenda því játandi en 7,3% neita því. Einungis 2,4% þátttakenda segjast hafa komið á framfæri athugasemdum til fjölskyldu- eða skóladeildar Akureyrarbæjar vegna þjónustu dagforeldris sem barn þess er hjá og 97,6% svara því neitandi. Virðist þessi niðurstaða í samræmi við almenna ánægju með þjónustu dagforeldra og má því álykta að foreldrar hafi ekki haft ástæðu til að koma athugasemdum á framfæri við yfirvöld málaflokksins hjá bænum. Niðurstöður eru sambærilegar við könnun frá 2009.

Dagforeldrar lúta ákveðnu eftirliti af hálfu bæjaryfirvalda og sækja þangað starfsheimild sína. Foreldrar voru beðnir um að taka afstöðu til hversu gott eftirlit væri með störfum dagforeldra (Mynd 8).




Mynd 8: Eftirlit með störfum dagforeldra.

Helmingur þátttakenda taldi eftirlit mjög gott (23,4%) eða gott (26,6%) meðan 36,6% taldi sig ekki geta metið það. 12,1% taldi eftirlitið sæmilegt en einungis tveir (1,6%) töldu það slæmt. Í samanburði við árið 2009 eru nú 12% fleiri sem svara því til að eftirlitið með störfum foreldra sé mjög gott.

Upplýsingar af hálfu bæjarins

Á heimasíðu Akureyrarbæjar er að finna ýmsar upplýsingar frá daggæsluráðgjafa um dagforeldra. Í spurningalista var spurt hvort foreldrar hefðu nýtt sér þessar upplýsingar. Af þeim 124 er svöruðu spurningalistanum kváðust um 81% þeirra hafa nýtt sér þessar upplýsingar en 16% sögðust ekki hafa gert það. 3% vissu ekki að upplýsingasíðan væri til. Þetta eru nokkuð aðrar niðurstöður en árið 2009 en þá sögðust tæp 75% foreldra hafa nýtt sér heimasíðu Skóladeildar en 7% vissu þá ekki um tilvist hennar.

Almennt virðast foreldrar ánægðir með þær upplýsingar sem á síðuna er hægt að sækja (Mynd 9).




Mynd 9: Afstaða foreldra til upplýsinga um dagforeldra á heimasíðu Akureyrar (N=124).

Tæp 70% segja upplýsingarnar mjög eða nægjanlega ítarlegar og fimmtungur segir þær sæmilega ítarlegar. Ekki er fullt samræmi í svörum foreldra því hér segjast 7,3% ekki hafa vitað um að síðan væri til og 2,4% svara ekki. Talsvert fleirum þykir upplýsingasíða um dagforeldra mjög eða nægjanlega ítarleg nú en árið 2009 og munar þar um tæp 14%.

Dagforeldri – leikskóli

Foreldrar voru beðnir um að taka afstöðu til þess hvort þeir hefðu kosið að fá vistun á leikskóla fyrir barnið í stað dagforeldris. Af þeim 124 sem þátt tóku í könnuninni svöruðu um 40% þeirra því játandi að þeir hefðu kosið vistun á leikskóla á móti 32% árið 2009 en um 59% neituðu því nú. Aðeins eitt foreldri kaus að svara ekki spurningunni.

Foreldrar voru beðnir um að taka afstöðu til þeirra þátta sem myndu skipta þá mestu máli við val á leikskóla. Gefnir voru upp fjórir kostir, orðspor leikskólans, staðsetning/hverfi leikskóla, hugmyndafræði eða annað (Mynd 10).



Mynd 10: Mikilvægast við val á leikskóla.

Af þeim 124 sem þátt tóku í könnuninni kváðu 37% að orðspor leikskólans skiptu mestu máli, litlu færri kváðu staðsetningu eða hverfi leikskólans skipta mestu og liðlega fimmtungur þátttakenda sögðu hugmyndafræði leikskólans skipta mestu máli.

Langflestir foreldrar er þátt taka í könnuninni (91%) eru ánægðir með þann tíma sem þeir kaupa hjá dagforeldrum og segja þá henta þeim vel. Einungis tæp 9% segja svo ekki vera og var þeim boðið upp á að gera grein fyrir hvers vegna það væri. Flestir nefna að þeir vildu koma barninu fyrr inn til dagforeldris (kl. 7:45) og geta haft það í vistun til kl. 16:15 og virðist afstaða fólks ráðast af þeirra eigin vinnutíma (Tafla 2).

Tafla 2: Svör foreldra um vistunartíma hjá dagforeldri.

Ég hefði þurft að fá vistun frá 7.45 til 16:15
Vantar vistun til 16.15, leikskóla á að vera opinn til 16.30 so ég þarf ekki alltaf að hætta fyrr í vinnunni
þarf lengri vistun heldur en boðið er upp á, þess vegna hefði ég viljað koma barninu fyrr inn á leikskóla
Samræmist ekki vinnutíma foreldra en sama mun verða þegar barnið fær leikskólapláss.
Er í vaktavinnu og kæmi sér vel að fá þannig pláss !!
Of mikil forföll hjá dagforeldri.
Hefði kosið 7:45-15:00
Ég stytta tímann til að spara, þar með er orðið púsl með að sækja á réttum tíma.
Ég þarf lengri tíma.
Við hefðum kosið að hafa drenginn okkar styttra en átta tíma á dag, en það er ekki í boði hjá systrunum. Kom þó ekki í veg fyrir að við tækjum plássíð hjá þeim, þar sem þær voru klárlega okkar fyrsta og eina val.

Foreldrar virðast meta það svo að daglegur vistunartími á leikskóla henti betur vinnutíma þeirra en sá tími sem dagforeldrar bjóða.

Í lok spurningalista var foreldrum boðið upp á að skrifa niður annað sem þeir vildu koma á framfæri. 49 foreldrar nýttu þennan kost en meginathugsemdirnar þeirra vörðuðu forföll og stundvísi, kostnað við gæslu hjá dagforeldrum, aldursmörk á leikskóla. Langflestir (27 foreldrar) notuðu sér þó þetta tækifæri til að koma á framfæri ánægju sinni með þá dagforeldra sem önnuðust barn þeirra. Dæmi um athugsemdir af þessu tagi:

Ég mundi kjósa að barni mitt gæti verið lengur hjá dagmömmunni en þar sem allir krakkarnir á hans aldri eru að fara og frá 6-9 mán. koma í staðinn verð ég að mér finnst útaf þroska hans að sækja um leikskóla. Mér finnst að þið ættuð án þess að nokkrir viti af ykkar heimsóknum að heimsækja dagmömmur þar sem þær hittast á leikvöllum og spjalla

Ég hef ekkert nema gott um mína dagmömmu að segja, hún er frábær í alla staði, vinaleg og elskuleg. Barnið mitt var virkilega ánæggt hjá henni og það er það sem skiptir mig mestu máli

Þetta er þriðja barnið mitt sem er hjá X og erum við hjónin alveg sérstaklega ánægð hjá henni svo við tölum nú ekki um börnin okkar sem verða enn þann dag í dag að fá að heimsækja hana annað slagið þó þau séu orðin 8 og 10 ára og segir það nóg um hvað X er frábær dagamma.

Frábær dagamma sem hefur mikil og góð áhrif á þroska barna og þá sérstaklega málþroska. Fer pottþétt með næsta barn til hennar líka.

X hefur reynst okkur sú allra besta dagamma sem við gátum fengið. Það er ómetanlegt að vita af þeirri ást og hlýju sem barnið okkar fær hjá henni. Hún er fagmannleg og klár kona og við vonum að sem flest börn fái að njóta góðs af henni í framtíðinni.

Í sex tilvikum lýstu foreldrar óánægju sinni með kostnað við gæslu hjá dagforeldrum og kváðu að skólavist á leikskóla væri mun ódýrari. Gagnrýni kom fram á Akureyrarbæ að jafna ekki þennan kostnað og jafnvel að bærinn hefji niðurgreiðslu vistunargjalda fyrir yngri börn hjá dagforeldrum.

Dagforeldrar eru allt of dýrir og ættu börn bara komst beint inn á leikskóla við 1 árs aldur og ættu leiksólarnir einnig að vera frí. Mjög erfitt að vera með barn hérna miðað við eins og t.d. úti í Danmörku.

Ég hefði ekki kosið að fá vistun fyrir barnið mitt á leikskóla í byrjun en þegar hann er orðin næstum tveggja ára þá myndi ég frekar vilja að hann færi í leikskóla. Ekki vegna dagmömmuna...langt frá því... heldur vegna kostnaðarins. Það er mun ódýrara að hafa barn á leikskóla og ég tala nú ekki um þegar maður er búin að borga pössun hjá dagmömmu frá 5 mánaða aldri! Þannig að nú myndi ég kjósa að fara með barnið mitt á leikskóla..ef það væri í boði!!

Mér þykir miður að Akureyrarbær skuli ekki niðurgreiða vistun barna undir eins árs, það myndi henta mun betur ef byrjað yrði að niðurgreiða þó það væri ekki nema um mán.mótin í þeim mánuði sem barnið verður eins árs í stað afmælis dags barnsins.

Fjórir foreldrar létu þá skoðun sína í ljós að færa þyrfti aldursmörk leikskólans neðar þannig að börn gætu hafið leikskólagöngu fyrr en nú er.

Þrátt fyrir ánægju með viðkomandi dagforeldri og þjónustu þess þá þykir okkur þjónusta Akureyrarbæjar alls ekki góð hvað varðar dagvistunarræði þar sem barnið okkar fær fyrst pláss á leikskóla þegar það er orðið um 2 1/2 árs. Einnig hefur Akureyrarbær verið að skerða þjónustu sína með því að fækka tímum sem endurgreiddir eru vegna dagvistunar hjá dagforeldri sem og að byrja niðurgreiðslu með barni fyrst þegar það er orðið 12 mánaða.

Aðrar athugsemdir sem fram komu vörðuðu þau vandræði sem sköpuðust við forföll dagforeldra eða stundvísi þeirra. Þeirri hugmynd var hreift að komið yrði upp gestaforeldri þegar forföll ættu sér stað. Þá var í tveimur tilfellum bent á þörf á opinberu eftirliti með dagforeldrum einkum þeim sem athugsemdir hefði verið gert við.

Samantekt

Í meginatriðum benda niðurstöður til að almennt ríki ánægja meðal foreldra með dagvistarforeldra og þjónustu þeirra. Almennt segjast foreldrar ánægðir með þjónustu dagforeldris. Það sem sérstaka ánægju vekur meðal foreldra er framkoma dagforeldris, hvernig tekið er á móti barninu að morgni svo og samskipti dagforeldris við foreldra og upplýsingamiðlun. Nánast allir foreldrar er þátt tóku í könnuninni telja að líðan barns þess í daggæslu sé mjög góð og almennt virðast foreldrar vera ánægðir með það fæði sem börnunum stendur til boða.

Meginumkvörtun varðandi þjónustuna lýtur að vistunartíma barna að þau geti byrjað fyrr að deginum og/eða verið fram yfir kl. 16:00, til samræmis við það sem tíðkast í leikskólum bæjarins.

Viðmót og persónuleiki dagforeldris virðist ráða mestu við val foreldra á daggæslu fyrir börn sín. Flestir foreldrar kanna hvort dagforeldri hafi gilt starfsleyfi, gera skriflegan samning og halda eftir afriti af honum. Mun algengara er nú að foreldrar sækji upplýsingar um dagforeldri til skóladeildar eða á vefsíðu Akureyrarbæjar en fram kom í sambærilegri könnun árið 2009. Rétt um helmingur foreldra segjast hafa sótt upplýsingar á þessa staði og flestir telja upplýsingarnar ítarlegar. Foreldrar segja að dagforeldri leiðbeini sér og kynni þær reglur og samþykktir er lúta að daggæslu í heimahúsi. Fleiri foreldrar nú sækja þessar upplýsingar á heimasíðu Akureyrarbæjar en árið 2009.

Þótt flestir foreldrar segist sammála þeirri fullyrðingu að forföll dagforeldris sé ekki íþyngjandi fyrir þá má lesa úr niðurstöðum að vandi getur skapast hjá foreldrum þessa vegna. Lítil hópur foreldra kvartar yfir vistunartíma hjá dagforeldrum og vill að hann sé samræmdur við opnunartíma leikskóla bæjarins.

Fleiri foreldrar kváðust fremur kjósa þjónustu dagforeldris en leikskólavist og þarf það í sjálfu sér ekki koma á óvart í ljósi ánægju sem virðist vera með dagforeldra.

Tilgangur með úttekt af þessu tagi er að finna hvaða þætti starfseminnar mætti styrkja. Í ljósi niðurstaðna sem hér hafa verið kynntar væri ástæða til að skoða hvort daggæsluráðgjafi þyrfti ekki að hafa beinna samband við foreldra í gegnum tölvupóst, t.d. til að vekja athygli þeirra á ýmsum þáttum er varða daggæslu í heimahúsum og jafnvel læra af þeim hvaða upplýsingar það eru sem þar vantar. Þá þyrfti að skoða hvort ekki mætti gera eftirlitið með þjónustu dagforeldra af hálfu bæjarfélagsins sýnilegra þar sem fjöldi foreldra telur sig ekki vita um eftirlitið eða hvað í því felst.

Afstaða foreldra til ýmissa þátta í þjónustu dagforeldra vekur upp spurningar hvort ekki sé ástæða til að efla fræðslu við dagforeldra. Af hálfu daggæsluráðgjafa hefur talsvert verið gert í að efla fræðslu til dagforeldra í formi lengri og styttri námskeiða svo og stuttra fræðslufunda. Mikilvægt er að hlú áfram að slíkri starfsemi ýmist námskeiðum eða fræðslufundum sem skipulagt er af daggæslufulltrúa eða ábendingum til dagforeldra um áhugaverð námskeið eða umræðu sem í boði er á vegum annarra og varðar þjónustuna.

Af niðurstöðum má glöggð ráða að forföll dagforeldra er viðkvæmur þáttur fyrir foreldra. Mikilvægt er að leita leiða í því hvernig draga má úr vandræðum foreldra þeirra vegna og þá er augljóst að foreldrar kalla eftir auknum sveigjanleika af hálfu dagforeldra fyrir kl. 8:00 og í lok dags eftir kl. 16:00.

Könnun um viðhorf foreldra til daggæslu yngstu barnanna Spurningalisti

1. **Ég fékk upplýsingar um að það væri laust pláss hjá dagforeldri:**
(merktu við allt sem við á)
 - á skóladeild Akureyrarbæjar
 - á upplýsingavef Akureyrarbæjar
 - heyrði það annars staðar frá t.d. frá vini, kunningja eða fjölskyldumeðlim
 - eldra systkini er/var hjá dagforeldrinu
 - með öðrum hætti

2. **Þeir þættir sem skiptu mig mestu máli við val á dagforeldri eru:**
 - orðspor dagforeldris
 - viðmót og persónuleiki dagforeldris
 - staðsetning dagforeldris
 - vinnutími dagforeldris
 - ég hafði ekkert valAnnað: **Valmöguleiki að skrifa**

3. **Ég kannaði hvort að dagforeldri væri með gilt starfsleyfi, þegar ég var að leita að dagforeldri:**
 - já, ég kannaði það
 - nei, ég kannaði það ekki

4. **Ég skrifaði undir samning við dagforeldri þegar barn mitt hóf vistun:**
(ath. hér er ekki átt við þjónustusamning sem gerður er milli foreldra, dagforeldris og Akureyrarbæjar)
 - já
 - nei

5. **Ég fékk afrit af samningnum:**
 - já
 - nei

6. **Ég var upplýst(ur) um greiðslur vegna frídaga og veikindadaga dagforeldris þegar barnið hóf vistun:**
 - já
 - nei

7. **Dagforeldri barnsins míns hefur leiðbeint mér og kynnt mér reglur og samþykktir sem snúa að daggæslu í heimahúsi:**
 - já
 - nei
 - hef kynnt mér það annarstaðar

Hvar? Valmöguleiki að skrifa

8. Ég er ánægð(ur) eða óánægð(ur) með þjónustu dagforeldris míns:

- mjög ánægð(ur)
- frekar ánægð(ur)
- hvorki né
- frekar óánægð(ur)
- mjög óánægð(ur)

9. Varðandi vistun barnsins míns, er ég sérstaklega ánægð(ur) með:

- aðstaða inni
- aðstaða úti
- fæði
- dagskipulag
- staðsetning
- samskipti við foreldra/upplýsingamiðlun
- framkoma dagforeldris
- aðlögun barns
- hvernig tekið er á móti barninu að morgni
- Annað Valmöguleiki að skrifa

10. Dagforeldri býður uppá fjölbreytt og hollt fæði:

- mjög sammála
- frekar sammála
- hlutlaus
- frekar ósammála
- mjög ósammála

11. Ég tel að líðan barnsins míns í daggæslunni sé:

- mjög góð
- góð
- sæmileg
- slæm
- mjög slæm

12. Dagforeldri leggur sig fram um að koma til móts við þarfir mínar og væntingar:

- mjög mikið
- frekar mikið
- frekar lítið
- mjög lítið
- ekkert

13. Forföll dagforeldris eru ekki íþyngjandi fyrir mig:

- mjög sammála
- frekar sammála

- hlutlaus
- frekar ósammála
- mjög ósammála

14. Ég veit hvert ég á að leita ef ég hefur athugasemdir við þjónustu dagforeldris:

- Já
- Nei

15. Ég hef komið á framfæri athugasemd til fjölskyldu- eða skóladeildar Akureyrarbæjar vegna þjónustu dagforeldris sem barnið mitt er hjá:

- Já
- Nei

16. Mér finnst eftirlit með störfum dagforeldra vera?

- Mjög gott
- Gott
- Sæmilegt
- Slæmt
- Veit ekki

17. Ég hef nýtt mér upplýsingar um dagforeldra á heimasíðu Akureyrarbæjar, akureyri.is?

- Já
- Nei
- Vissi ekki að hún væri til

18. Upplýsingasíða um dagforeldra, á heimasíðu Akureyrarbæjar er:

- Mjög ítarleg
- Nægjanlega ítarleg
- Sæmilega ítarleg
- Ekki nægjanlega ítarleg
- Illa fram sett
- Vissi ekki að hún væri til

19. Ég hefði kosið að fá vistun á leikskóla fyrir barnið í stað dagforeldris:

- a. Já
- b. Nei

20. Þeir þættir sem myndu skipta mig mestu máli við val á leikskóla eru:

- Orðspor leikskólans
- Staðsetning/hverfi
- Hugmyndafræði leikskólans
- Annað

21. Þeir tímar sem ég kaupi af dagforeldri henta mér vel:

- Já
- Nei

Ef nei, af hverju ekki? **Valmöguleiki að skrifa**

22. Annað: Valmöguleiki að skrifa